

Borg
Grímsnes- og Grafningshreppi
805 Selfoss

09.11.2023

Erindi til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps;

Breytingar á álagningu fjallskilakostnaðar.

Hér með er lögð fram tillaga frá sveitarstjórnarfulltrúum G-listans í Grímsnes og Grafningshreppi um breytingu á álagningu fjallskilakostnaðar.

Tillagan felur í sér að ekki verði lengur lagt á eigendur lögbýla í sveitarfélaginu að greiða fjallskilakostnað eins og verið hefur,

heldur verði það sveitarsjóður sem leggur til fjármagn til að greiða þann kostnað sem greiða þarf til að smala afréttinn.

Áfram verði þó lagt gjald á vetrarfóðraða kind sem nýtir afréttinn eða annað sameiginlegt land til upprekstrar, en með þeim formerkjum samt að ákveðið þak sé sett á þá upphæð, ekki hærra en 500 krónur á kind.

Greinargerð

Í dag eru fáar jarðir sem halda búfénað sem samkvæmt fjallskilasamþykkt má nýta afréttinn.

Gerð samfélagsins hefur breyst og margir orðið „þéttbýlisbúar“ hér í sveit. Þéttbýlisbúar sveitarinnar nýta afréttinn til útivistarrétt eins og þeir landeigendur sem ekki geta nýtt hann til beitar en greiða þó fjallskilagjald. Það er því sanngirnismál að allir íbúar sveitarfélagsins leggi fram greiðslu til fjallskilakostnaðar, þar sem ekkert sambandi er á milli lögbýlisskráningar og notkunar á afréttinum og einfaldasta leiðin er að taka það fjármagn úr sameiginlegum sjóð sem er sveitarsjóður.

Virðingafyllst

Ragnheiður Eggertsdóttir

Dagný Davíðsdóttir

Fulltrúar G listans í Grímsnes og Grafningshrepp

Afrit sent á formann fjallskilaneftndar